



Framtíðarfell

LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS

Lokaskýrsla til Spotasjóðs

Nafn skóla: Fellaskóli

Nafn verkefnis: Framtíðarfell

Nafn verkefnastjóra: Páll Ásgeir Torfason

Markmið verkefnis

Yfirmarkmið

- að styrkja faglega og fjölbreytta kennslu í Fellaskóla
- að efla og mæta þörfum nemenda í nútíma samfélagi
- að vera hreyfiafl í nútíma skólastarfi
- að leggja áherslu á að kynna tæknigreinar fyrir stúlkum

Önnur markmið eru;

- að samþætta námsgreinar betur við upplýsingatækni
- að efla samstarf á milli skólastiga
- að styrkja samvinnu kennara og nemenda.

Leiðir sem valdar voru til að ná ofantöldum markmiðum:

- Fjölbreytt fræðslu fyrir kennara og nemendur.
- Allur tækjabúnaður var endurskoðaður og nýjar lausnir innleiddar.
- Boðið var upp á fjölbreytt val í forritun og Minecraft innan skólans.
- Nemendur með annað móðurmál fengu í auknum mæli að nýta upplýsingatækni sér til stuðnings og til að auka virkni þeirra í tínum.
- Nemendur í ungleingadeild fengu að nýta sér upplýsingatæknina í mun meira mæli en áður.
- Kennrarar innleiddu nýjan hugbúnað sem einfaldaði rafrænt umhverfi nemenda og kennara.
- Kennrarar nýttu rafrænar lausnir til að sameina námsgreinar og efla samvinnu á milli skólastiga
- Nemendur og kennrarar fengu aðgang að kennslumhverfi sem einfaldar samskipti nemenda og kennara í gegnum námsumsjónarkerfi skólans.
- Skólinn bauð upp á vélmennakennslu fyrir áhugasama nemendur.

Frávik og hindranir

Í heildina litið gekk verkefnið vel en engu að síður var eitthvað um hindranir og frávik.

Helst ber að nefna:

- Verkefnastjóra langaði að leggja meiri áherslu á að kynna tæknigeirann fyrir stúlkum. Það gekk illa þar sem aðrir þættir verkefnisins voru veigamiklir og kennarar lögðu meiri áherslu á þá.
- Erfiðlega gekk að innleiða rafræna kennsluhætti á yngri stigum, við vonum þó að það muni breytast með auknum tækjabúnaði og fræðslu.
- Mikið álag var á kennurum vegna nýs Mentorkerfis og námsmats. Það hafði áhrif á verkefnið.

Ávinnungur og jákvæð atriði

Mikill ávinnungur varð af verkefninu að mati verkefnisstjóra. Verkefnið hafði jákvæð áhrif á kennsluhætti, verkefni nemenda og vinnubrögð kennara. Upplýsingaflæði jókst sem og samvinna á breiðum grunni.

Niðurstöður verkefnisins

Verkefnið Framtíðarfell hafði mikil áhrif í skólanum. Með því að setja stafræna kennsluhætti í forgang urðu sjálfkrafa breytingar á kennsluháttum kennara, sérstaklega á unglungastigi. Verkefni nemenda urðu fjölbreyttari en áður og þeir höfðu fleiri möguleika í náminu. Aukning varð á sambættingu námsgreina og fengu nemendur krefjandi verkefni sem þeim fannst spennandi að vinna.

Upplýsingaflæði batnaði til muna og nemendur fengu upplýsingar um kennslustundir, verkefni, breytingar eða forföll í snjalltæki. Fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku var þetta sérstaklega mikilvægt því þeir gátu á einfaldan hátt nýtt sér forrit eins og Google translate til að þýða skilaboð yfir á móðurmálið. Settir voru upp upplýsingaskjáir þar sem upplýsingum var miðlað á skýran og myndrænan hátt og það hentaði nemendum af erlendum uppruna vel. Samvinna jókst töluvert í skólanum. Samvinna jókst milli starfsfólks og nemenda og á milli nemenda sjálfra. Kennrarar unnu saman að undirbúningi kennslulota og kennslustunda og nýttu sér í auknum mæli skýjalausnir, öpp, forrit og Google í skólastarfi. Nemendur nýttu sér tölvur og snjalltæki í náminu og áttu í meiri samvinnu en áður.

Verkefnið hafði góð áhrif á lærdómssamfagið innan skólans. Bæði kennarar og nemendur skólans töldu þetta verkefni mjög nauðsynlegt í nútíma skólastarfi. Við í Fellaskóla munum halda áfram að þróa stafræna kennsluhætti innan skólans.

Af ofangreindu má sjá að flest markmið verkefnisins náðust. Fagleg og fjölbreytt kennsla styrktist, möguleikar jukust á því að mæta þörfum nemenda og skólastarfið varð meira í takt við nútímalegt umhverfi. Upplýsingatækni varð sjálfsagður hlutur í öllum námsgreinum á ungingastigi og samvinna jókst.

Mat

Skólastarfið í Fellaskóla hefur breyst töluvert. Mikil aukning hefur verið á tækjabúnaði innan skólans og aðgengið hefur bæst til muna. Upplýsingatækni innan skólans er orðin eðlilegur hluti af skólastarfi og fléttist inn í flestar kennslugreinar.

Verkefnið hafði mjög góð áhrif á starfið í Fellaskóla og munum við halda áfram að efla upplýsingatæknina enn frekar innan skólans.

Framhald

Fellaskóli fékk nýverið styrk frá Reykjavíkurborg til þess að innleiða stafræna kennsluhætti, með áherslu á forritun. Sérstök áhersla verður lögð á að kynna tæknigreinar fyrir stúlkum í samfélagitnu. Það verkefni mun taka við Framtíðarfelli og byggja á þeim sterka grunni sem þar var lagður.

Kynningar og fræðsla

Fellaskóli hefur kynnt verkefnið fyrir ýmsum skólum s.l. ár. Einnig höfum við unnið myndband í samvinnu við Reykjavíkurborg sem fjallar um Framtíðarfell og áherslur þess, sjá myndband: <https://www.youtube.com/watch?v=xjYMBVgKJBM>.

Við munum halda áfram að kynna verkefnið næsta veturnar og bjóða skólum í heimsókn til að kynna sér notkun upplýsingatækni í Fellaskóla.

Páll Ásgarð Þorfinn

Nafn verkefnastjóra



Sigrún Ólafsdóttir

Nafn skólastjóra